

Re: Tillaga að breytingu deiliskipulags fiskeldisstöðvar Rifóss að Lóni í Kelduhverfi

Búið til	3.11.2022 13:52:58
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	3.11.2022 13:52:56
Tilheyrir	202209-0019 - Tillaga að breytingu deiliskipulags fiskeldisstöðvar Rifóss að Lóni í Kelduhverfi

Efni

Re: Tillaga að breytingu deiliskipulags fiskeldisstöðvar Rifóss að Lóni í Kelduhverfi

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	3.11.2022 13:52:56	Staða	Innflutt
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurðsson@ni.is)
Til	sigurdis@nordurthing.is
Cc	eydis.l.finnbogadottir@ni.is
Bcc	Anna.Sveinsdottir@ni.is

Innihald

Góðan dag,
Vísað er til tölvubrúfs frá skipulags- og byggingarfulltrúa Norðurlands, dags. 19. september 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að breytingu deiliskipulags fiskeldisstöðvar Rifóss að Lóni í Kelduhverfi.

Breytingin varðar einkum þrennt. Stækkun á byggingareit til að koma fyrir fleiri fiskeldiskerjum, lítils háttar aukning á byggingarmagni á reit F þar sem áætluð er bygging seiðastöðvar og skilgreining á nýjum byggingarreit (H) fyrir starfsmannahús.

Áhrifin eru einkum sjónræn. Lítils háttar röskun verður á hrauni sem fellur undir sérstaka vernd skv. lögum nr. 60/2013 (61. grein) en staðsetning byggingarreita er þannig að ekki verður raskað sérstökum hraunmyndunum þ.e. rishólum og er það mikilvægt að mati Náttúrufræðistofnunar.

Ferlaufungur, planta á valista Náttúrufræðistofnunar, hefur fundist á þessum slóðum og vex gjarnan í hraungjótum. Mögulegt er að tegundin finnist á framkvæmdasvæðinu.

Almennt ber að vanda allar framkvæmdir og forðast óþarfa rask.

Virðingarfyllt,

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Sigurdís Sveinbjörnsdóttir" <sigurdis@nordurthing.is>
To: "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>
CC:
Subject: Tillaga að breytingu deiliskipulags fiskeldisstöðvar Rifóss að Lóni í Kelduhverfi
Date: 19.9.2022 10:16:12

Góðan dag

Efni: Tillaga að breytingu deiliskipulags fiskeldisstöðvar Rifóss að Lóni í Kelduhverfi

Sveitarstjórn Norðurþings samþykkti á fundi sínum 18. ágúst 2022 að kynna meðfylgjandi tillögu á deiliskipulagsbreytingu skv. ákvæðum skipulagslaga nr. 123/2010. Sendi ég hér tillögu að deiliskipulagsbreytingu til skoðunar.

Athugasemdir/umsagnir óskast sendar til skrifstofu Norðurþings að Ketilsbraut 7-9, 640 Húsavík eða í tölvupósti fyrir 3. nóvember 2022.

Þetta mun einungis berast rafrænt nema að óskað sé eftir öðru.

Fylgiskjöl

1. Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fiskeldisstöðvar Rifóss að Lóni í Kelduhverfi dags. 5. ágúst 2022. Uppdráttur og greinargerð eru sett fram á einu A3 blaði.
2. Afrit auglýsingar um almenna kynningu breytingartillögunnar

Kveðja

Sigurdís Sveinbjörnsdóttir

Aðstoðarmaður skipulags- og byggingarfulltrúa

Stjórnsýsluhúsi Norðurþings | Ketilsbraut 7-9 | 640 Húsavík | sími: 464-6100

Um ábyrgð á tölvupósti/email disclaimer (<https://www.nordurthing.is/static/files/disclaimer.pdf>)